

## GT Tækni fyrst allra fyrirtækja til að öðlast A-vottun


**G**T Tækni hlaut nýlega A-vottun gæðastjórnunar SI sem er staðfesting á því að fyrirtækið sé með skilgreinda og skjalfesta vinnu og verkferla sem byggja á viðurkenndum aðferðum við rekstur og stjórnun. Þetta er fyrsta fyrirtækið sem lýkur ferlinu en um er að ræða lokahluta vottunarferlis sem tekinn er í fjórum áföngum.

Í gæðavottuninni felst staðfesting á að rekstur fyrirtækis er markviss og skilvirkur. Fyrirtækið fer árlega í gegnum stefnumótun og markmiðasetningu sem leiðir til að allir starfsmenn róa í sömu átt í að betri árangri. Þannig eykst framleiðni og fyrirtækin skila meiri hagnaði. Þá felst mikið öryggi í því fyrir viðskiptavinum að vita að fyrirtæki sé vel stjórnað.



### Gæðavottun skiptir máli

Bolli Árnason framkvæmdastjóri GT Tækni segir vottunin skipta miklu máli. „Það er sífellt hávæðari krafa frá viðskiptavinum okkar um það að birgjar séu með skjalfesta gæðavottun. Það auðveldar þeim eftirlit með aðföngum og vinnu ef þeir geta treyst því að birgjarnir vinni samkvæmt fyrirfram skilgreindu



ferli. Þetta sýna nýleg dæmi sem hafa verið til umfjöllunar í fjölmörgum undanfarið. Einn af okkar viðskiptavinum setti það sem forsendu fyrir langtíma viðskiptasamningi að fyrirtækið væri með svona vottun.“

### Markmiðið ISO9001vottun

Bolli segir að fyrirtækið hafi ákveðið að nýta áfangaskipta gæðavottun SI sem leið að lokamarkmiði fyrirtækisins sem er að fá ISO 9001 vottun. Þetta séu viðráðanlegri skref fyrir smærri fyrirtæki sem eru að hefja vegferð sína í átt að gæðavottun. „Áfangaskipta gæðavottunin er í fjórum viðráðanlegum áföngum frá D til A þar sem hver áfangi er skjalfestur. Nú þegar við höfum lokið við síðasta áfangann sem er A- vottun er lokamarkmiðið ekki svo ýkja langt í burtu. Við stefnum að því að ljúka við ISO 9001 vottunina á þessu ári.“

### Gæðakerfi á vefnum

GT Tækni hefur einnig samið við SI að halda utan um gæðahandbók fyrirtækisins. Skjölín eru nú vistuð á sérhönnuðum gæðavef Samtakanna þar sem þau eru

flokkuð eftir efnisþáttum. GT Tækni hefur þar með aðgang að gæðakerfi sínu á vefnum sem gerir aðgengi að skjölum og þjónustu sérfræðinga mun betra.

„Við erum ekki að kúvenda einu eða neinu í rekstrinum, heldur skjalfesta það sem gott er og breyta og bæta þar sem þess er þörf,“ segir Bolli. Betra skipulagi hafi verið komið á hlutina og aðgengi að upplýsingum bætt. Þetta sé hálfgerður gátlisti fyrir stjórnunarleg atriði sem skipti máli og þurfi að vera í lagi.

„Þannig að þetta snýst um stjórnun og rekstur og markviss stjórnun hjálpar til að bæta afkomuna.“ Segir Bolli að lokum.



## UTmessen 2012

**UTmessen verður haldin í annað sinn þann 9. febrúar á Grand Hótel Reykjavík frá kl. 8 - 21.**

Grand Hótel er gífurlega vel til þess fallið að halda stórar ráðstefnur. Þar verða lagðir undir messuna fjórir ráðstefnusalir fyrir fyrirlestra og öll fyrsta hæðin verður til umræða fyrir sýninguna, m.a. nýja anddyrið og glerhýsið Miðgarður þar sem verður skemmtileg uppröðun bása. Leitast verður við að hafa umgjörð UTmessunnar 2012 fagmannlega og UT geiranum til fyrirmyndar.

**Sjá nánar á [www.si.is](http://www.si.is) - viðburðir**



# Þetta er vel hægt

Við hjá Samtökum iðnaðarins höfum á undanförunum vikum haft samband við ýmsa félagsmenn okkar, stjórnendur íslenskra iðnfyrirtækja og spurt um stöðu og horfur í rekstri þeirra. Sum þessara svara eru birt hér í blaðinu og sýna fjölbreytta mynd. Ýmsir eru hóflega bjartsýnir, ekki síst þeir sem stunda útflutning eða byggja hluta rekstrar síns á erlendum ferðamönnum. Á síðasta ári varð makrílveiði ánægjuleg búbot í hagkerfinu en í ár standa væntingar til þróttmikillar loðnuvertíðar. Tækifærin eru víða en margir eru hikandi. Óvissan lykurlausn er enn.

Uppnámið í fjármálakerfi Evrópu hefur enn ekki komið niður á íslenskum fyrirtækjum svo að teljandi sé. Við erum þó afar næm gagnvart efnahag álfunnar og munum finna fyrir því jafnharðan ef þar hægist meira um. Við getum ekki brynjað okkur gegn slíkum atburð nema að hluta. Okkur er þó í lófa lagið að leysa úr læðingi mun meiri kraft og auka atvinnu hér í landinu sjálfu.

## Menntun þróist með atvinnulífi

Hvort sem lítið er til lengri eða skemmri tíma er mjög aðkallandi að þróa menntakerfi okkar hratt að framtíðaratvinnulífi þjóðarinnar. Samtök iðnaðarins þreystast ekki á að benda á að fjölmörg fyrirtæki okkar finna ekki starfsfólk með menntun og reynslu sem þeim hentar. Þessi staðreynd er sérlega bagaleg þegar haft er í huga hve margir eru án vinnu eða hafa flust úr landi vegna atvinnuskorts. Ekki er sérstaklega við núverandi menntayfirvöld að sakast, fremur en stjórnvöld fyrir ára. Þessi menntagjá hefur verið að myndast á löngum tíma og Ísland er ekkert einsdæmi hvað þetta varðar því að systursamtök okkar annars staðar í Evrópu glíma einmitt við sams konar vanda. Í bígerð er víðtækt verkefni Samtaka okkar, menntayfirvalda og annarra hagsmunaaðila einmitt um þetta grundvallarviðfangsefni.

Þau fyrirtæki okkar, sem hraðast vaxa, koma mörg úr tækni- og hugverkagreinum. Eðli málsins samkvæmt eru slíkar greinar oft viðkvæmar enda bjóða þær oft nýjar eða endurbættar vörur og ekki

er hægt að ganga að vinsældum afurðanna vísu. Þessir vaxtarsprotar þarfnast eins fyrirsjáanlegs umhverfis hér heima og hægt er að veita. Við hjá Samtökum iðnaðarins höldum til streitu tilföngum okkar um verkefnið "Betri þjónusta fyrir minna fé" sem við lögðum til fyrir rúmu ári og fylgdum eftir með ríflegu fé af iðnaðarmálagjaldinu sáluga. Markmiðið er að virkja úthlutunarferli samkeppnissjóða til að fá íslensk hugverkafyrirtæki til að aðstoða hið opinbera á Íslandi við að bæta ferli og spara fé í rekstri sínum. Um leið verði til afurðir, vörur og þjónusta sem fyrirtækin eigi sjálf, geti þróað áfram og selt á alþjóðlegum markaði, vonandi með drjúgum hagnaði. Þessi aðferðafræði rataði inn í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar með kjarasamningum sl. vor en hefur enn ekki komist til framkvæmda.

## Hvar er rammaáætlunin?

Ýmis framsækin íslensk fyrirtæki leitast við að byggja upp lausnir sínar kringum íslenskan orkuviðnað. Þarna höfum við kjörið tækifæri til að verða í fararbroddi á heimsvísu, þróa lausnir í íslenskri orkunýtingu en selja svo um víðan völlum. Framfarir í slíkri starfsemi verða oft í stökkum, til að mynda þegar ný orkuverkefni leiða til nýrrar þekkingar og aðferðafræði. Straumhækkunin og aðrar uppfærslur, sem fara nú fram á álverinu í Straumsvík, eru á tæknilegum heimsmælikvarða þótt lágt fari.

Flestir virðast á einu máli um að nýta eigi orku í iðrum Íslands með skynsamlegum hætti. Engin verkefni eru þó fyrirfram hafin yfir gagnrýni því að öllum slíkum framkvæmdum fylgir rask sem oftast má deila um hvort sé réttlætlegt. Til að leiða slíkar umræður til lykta með skipulegum hætti var fyrir mörgum árum efnt til gerðar rammaáætlunar um virkjanakosti í landinu. Stjórnvöld taka jafnan fram að ekki verði hafist handa við ný verkefni fyrr en sú áætlun liggur fyrir. Þessari vinnu lauk sl. haust og þá hafði miklu verið til kostað. Áætlunin var faglega unnin og naut þverpólitísku trausts. Á síðustu stigum þeirrar vinnu var áætlunin hins vegar tekin úr hinu



**Orri Hauksson**  
framkvæmdastjóri SI

faglega ferli og komið fyrir í pólitísku bakherbergi. Ljóst var ætíð að Alþingi myndi eiga síðasta orðið um áætlunina en aldrei stóð til að vélað væri um hinar faglegu niðurstöður áður en stjórnmalámennt fengju að ræða málið fyrir opnum tjöldum. Þannig hurfu ýmsir virkjanakostir á síðustu stundu með dularfullum hætti úr nýtingarflokki en birtust skyndilega í bið- og verndarflokkum sem fyrir voru þéttskipaðir. Enn hefur áætlunin ekki verið lögð fyrir Alþingi og meðan svo er ástatt verður ekki lagt í ný verkefni.

## Iðnaðurinn fyrsta fórnarlamb óvissu í sjávarútvegi

Svipaða sögu er að segja af iðn- og tæknifyrirtækjum sem sinna sjávarútvegi. Tugir íslenskra fyrirtækja selja til útlanda í eigin nafni afurðir sem þróaðar hafa verið í samvinnu við íslenska útgerð. Þessi fyrirtæki eru af ýmsum toga svo sem í vélbúnaði, líftækni, gerð fæðubótarefna, málm-tækni, lyfjaiðnaði, skynjaratækni og kæliaðferðum. Sum þessara fyrirtækja fá umtalsverðan hluta tekna sinna frá útlöndum, í sumum tilvikum yfirgnæfandi meirihluta.

Framþróun og lausnamyndun fyrirtækjanna fer hins vegar enn fram hér á landi. Sá skortur á fyrirsjáanleika, sem stjórnvöld hafa valið íslenskri útgerð síðastliðin ár, hefur verkað eins og sterkt deyfilyf. Stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja halda að sér höndum og hugsa til eins skamms tíma og þeir geta. Skipafloti og búnaður í botnfiskveiðum hefur á nokkrum árum úrelst hratt og fjárfesting hefur skroppið saman um þrjá fjórðu frá því sem áður var. Það eru fyrst og fremst fyrirtæki í uppsjávarveiðum sem

# Ályktun stjórnar SI

**Stjórn SI sendi frá sér eftirfarandi ályktun í byrjun febrúar**

uppfæra tæki sín. Ef óvissunni verður aflétt má gera sér vonir um að íslensk útgerðarfyrirtæki nái sér hratt á strik eftir nokkurra ára óvissu, á meðan þau vörðu rekstrarafgangi sínum að mestu til að greiða niður skuldir. En íslensk iðnfyrirtæki í þessari grein hafa misst nokkur ár úr þróunarferli sínu og þau verða ekki endurheimt. Ef öll útgerðarfyrirtæki hefja fjárfestingar á ný á sama tíma má jafnframt búast við fjárfestingarþöngu á þessu sviði. Það yrði þá ekki í fyrsta skipti sem við ásköpuðum okkur slíka sveiflumögnun í þessu landi.

Dæmi þar um eru verklegar framkvæmdir. Um miðjan síðasta áratug var hið opinbera geysiótull verkkaupi á sama tíma og Íbúðalánasjóður og bankar kepptust við að veita fé til mannvirkjagerðar. Útkoman varð yfirbólginn framkvæmdageiri með fasteigna- og skuldabólu sem síðar sprakk. Um þessar mundir er hægt að fá verktaka til framkvæmda fyrir lítið fé og lífeyrissjóðir hafa boðist til að fjármagna til langs tíma ýmsar hagkvæmar lagfæringar á innviðum landsins. En þá bregður svo við að hið opinbera heldur að sér höndum. Svona þarf þetta þó ekki að vera. Svíar brugðust til að mynda þveröfugt við sambærilegri stöðu. Á uppgangsráunum kringum 2005 hélt sænska ríkið sér til hlés en hefur heldur bætt í núna þegar hægt hefur um og framkvæmdaaðilar falbjóða þjónustu sína við lægra gjaldi en fyrr. Þá hefur elsti seðlabanki heims, Riksbanken í Stokkhólmi, verið lunkinn við að stíga ölduna. Á þessu norræna dæmi sést að boðaföllin sem á okkur dýnja þurfa ekki nauðsynlega að vera svo dramatísk sem raun ber vitni, heldur er umfang þeirra að miklu leyti heimatilbúið.

## Það sem keisarans er

Ofan í fyrrgreinda framkvæmdastefnu, sem ýmist er í ökkla eða eyra, flækir opinber gjaldtaka myndina enn frekar. Mitt í framleiðslulakanum og atvinnuleysinu mælist verðbólga nú skjótast upp. Frá áramótum hefur hið opinbera enn eina ferðina verið iðnast við að þrýsta upp vísitölunni með hækkuðum álögum. Þetta er alger óþarfi og beinlínis skaðlegt þar sem opinber rekstur hér á landi á fyrst og fremst við útgjaldavanda að stríða en ekki tekjuvanda. Tekjurnar munu aukast með auknum umsvifum í hagkerfinu. Verkefnið er því ekki svo flókið þegar á allt er litið: Leyfum efnahagskerfinu að taka á sprett en þvælmst ekki fyrir.

**S**tjórn Samtaka iðnaðarins lýsir yfir miklum áhyggjum vegna fyrirhugaðra breytinga á skipan iðnaðar- og auðlindamála í stjórnarráði Íslands. Rík ástæða er til að endurskoða verklag og verkaskiptingu hjá hinu opinbera, en hins vegar telja samtökin afar varhuga-vert að deila verkefnum núverandi iðnaðarráðuneytis milli umhverfisráðuneytis annars vegar og óstofnaðs atvinnuvegaráðuneytis hins vegar. Á fyrri hluta þess árs eiga málefni íslensks iðnaðar þar að auki að verða að hlutastarfi einhvers núverandi ráðherra ríkisstjórnarinnar. Sú tímabundna skipan er sögð eiga að gilda þar til fyrrgreindar kerfisbreytingar hafa átt sér stað. Stjórn SI lýsir yfir vonbrigðum með að málefni iðnaðar séu þannig afgangsstærð í pólitískum viðskiptum meðan breytingar á stjórnarráðinu eru útfærðar. Íslenskur iðnaður skapar tæpan helming útflutnings þjóðarinnar – og yfir tvo þriðju gjaldeyrstekna hennar þegar ferðabjónusta er talin með. Mikilvægt er að ríkt samráð verði haft við svo stórar greinar atvinnulífsins þegar leggja á niður ráðuneyti þeirra og haga stjórn-sýslu þeirra með breyttum hætti.

Um þessar mundir er Íslendingum brýn nauðsyn að tækifæri þeirra til lands og sjávar séu nýtt markvisst og sjálfbært, með framtíðarhagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. Með því að skipta verkefnum á sviði iðnaðarmála upp með fyrrgreindum og á köflum óljósum hætti telur stjórn SI að rofin verði tengsl milli atvinnulífs annars vegar og rannsókna, nýtingar, verndunar og þróunar hins vegar. Samtökin telja að Íslendingum sé þvert á móti nauðsynlegt að halda sterkum böndum milli atvinnu, þekkingar og auðlinda. Þannig eru meiri líkur en ella á að sátt skapist um skynsamlega og sjálfbæra framvindu atvinnulífs á Íslandi. Þekkingarstofnanir á borð við Orkustofnun, ÍSOR, Nýsköpunarmiðstöð og Matís byggjast til að mynda á nánu samstarfi við atvinnulíf á viðkomandi sviðum. Stofnanirnar eiga þannig sterka bak-hjarla sem tryggja þeim faglegt sjálftæði innan stjórnsýslunnar í rannsókn-um sínum. Með þeirri breyttu hlutverka-skipan, sem stefnt er að, verður dregið úr tengslum þekkingaröflunar og verðmætasköpunar. Um leið minnkar gagn-

kvæm upplýsingamiðlun sem er lífæð framþróunar að viðkomandi fagsviðum.



Sem dæmi má nefna að verkefnið um jarðvarma-klasann byggist á að lykilaðilar í þekkingar-sköpun á sviði orku- og umhverfisnýtingar tilheyri atvinnu- og verðmæta-sköpun í stjórnsýslunni en hafi verndun ekki að aðalmark-

miði. Svipað má segja um íslenskan matvælaíðnað. Matís er þekkingar- og rannsóknarfyrirtæki sem vinnur að þróun og nýsköpun í matvælaíðnaði og líftækni og sinnir matvælaöryggi. Matís veitir ráðgjöf varðandi vöruþróun, ferla og útflutning íslenskra fyrirtækja en aflar um leið ríkrar þekkingar innan fyrirtækjanna sjálfra. Óráð væri að færa slíka stofnun frá matvælaframleiðslunni í landinu. Þá má nefna rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Vinnubrögð við gerð hennar nutu trausts meðan hinir faglegu verkþættir voru unnir, einmitt vegna þess að stjórnsýsla atvinnulífs og verndunar inntu þá saman af hendi. Með fyrirhuguðum breytingum yrðu fulltrúar verðmæta- og atvinnu-sköpunar hvorki þátttakendur í framkvæmd áætlunarinnar né annarra af sama toga.

Gagnkvæm tengsl milli þekkingar og atvinnu eru verðmæt og þau verður að vernda. Íslenskir sérfræðingar á ýmsum sérhæfðum sviðum eru margir meðal þeirra fremstu í heiminum, einmitt vegna náninna tengsla rannsókna, nýtingar og nýsköpunar. Því er fyrirhuguð uppskipting í stjórnsýslunni afar varhugaverð.

4. janúar 2012

## Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
01. töl. 18. árg. Janúar 2012  
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 30.01.2011  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Bjarkarás  
Ljósmyndir: Odd Stefán, Kristinn Ingvarsson bls. 8  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,  
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is  
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson  
Ritstjóri: Raket Pálsdóttir  
Prófaralestur: Raket Pálsdóttir  
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Fjölmiðum er frjálst að nota ritad efnir úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



# Iðnaðarsalt veldur ekki heilsutjóni fremur en matarsalt

**M**atvælastofnun hefur látið rannsaka innihald iðnaðarsalts og hefur sú rannsókn leitt í ljós að saltið uppfyllir allar kröfur sem eru gerðar til matarsalts og því ekkert tilefni til að ætla að það hafi önnur áhrif á öryggi matvæla eða heilsu manna en venjulegt matarsalt. Yfirlýsingu Matvælastofnunar má lesa á vef stofnunarinnar, [www.mast.is](http://www.mast.is)

Það breytir ekki þeirri staðreynd að saltið er ekki ætlað til notkunar í matvæli og framleiðendur þess ábyrgjast það ekki sem slíkt. Salt, sem er ætlað til matvælaframleiðslu, er framleitt samkvæmt stöðlum um matvælaframleiðslu. Mikilvægt er að innflytjendur, dreifingaraðilar og framleiðendur gangi úr skugga um að öllum aðföngum til matvælaframleiðslu fylgi upplýsingablöð sem taka af allan vafa um það að viðkomandi vara sé ætluð til notkunar við matvælaframleiðslu.

Samtök iðnaðarins eru þess fullviss að framleiðendur sem notuðu saltið í matvæli gerðu það í góðri trú og hættu því um leið og farið var að draga heilnæmi þess í efa. Þeim efa hefur sem betur fer verið eytt en engu að síður þurfa allir

hlutaðeigandi að leggjast á eitt til að tryggja að slíkt endurtaki sig ekki.

Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafa ákveðið að ráðast í samræmt eftirlitsverkefni á árinu 2012 til að kanna innra eftirlit matvælafyrirtækja. Að gefnu tilefni hefur Matvælastofnun lagt til að í þessu verkefni verði sérstaklega kannað hvernig matvælafyrirtæki sinna móttökueftirliti. Í móttökueftirliti felst skoðun hráefna, annarra innihaldsefna, umbúða og allra annarra aðfanga til að tryggja að þau séu ætluð til vinnslu og þökkunar á matvælum og standist kröfur um hollustuhætti. Samtök iðnaðarins hvetja félagsmenn til að fara yfir verklagsreglur sínar við móttöku allra aðfanga og ganga úr skugga um að þeim fylgi upplýsingar sem taka af allan vafa um að þau séu ætluð til matvælaframleiðslu. Matvælafyrirtæki bera ábyrgð á öryggi eigin vöru og að skilyrði matvælaölggjafar sé uppfyllt. Öllum matvælafyrirtækjum er mikilvægt að geta sýnt fram á að þau axli sína ábyrgð og séu trausts verð. Á vef Matvælastofnunar má lesa meira um fyrirhuguð átaksverkefni.



Vilborg Einarsdóttir sæmd heiðursorðu hinnar íslensku fálkaorðu

Vilborg Einarsdóttir framkvæmdastjóri Mentors og varaformaður stjórnar Samtaka iðnaðarins var sæmd heiðursorðu hinnar íslensku fálkaorðu á nýju ári við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Vilborg hlaut riddarakross fyrir framlag til nýsköpunar á sviði hugbúnaðar fyrir skóla. Þetta er mikill heiður og viðurkenning fyrir Mentor sagði Vilborg. „Ég er stolt af því sem við erum að gera og hlakka til að takast á við verkefnið á nýju ári.“

Samtök iðnaðarins óska Vilborgu til hamingju með þennan mikla virðingavott

**IÐN MENNT**

**Ráðstefna:**  
Hvert er gildi starfsmenntunar í íslensku samfélagi

**Grand Hótel Reykjavík**  
**3. febrúar kl. 13.00.**

Fjallað verður um starfsmenntun á Íslandi, þróun hennar og framtíðarhorfur. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra mun ræða stefnu stjórnvalda í starfsmenntun.

Gerð verður grein fyrir þróun starfsmenntunar undangengna áratugi með því að skoða fjölda þeirra sem hafa útskrifast. Litið verður til þess hvernig starfsmenntun hefur nýst einstaklingum og þjóðfélaginu og spurt hvort ástæða sé til breytinga.

Fulltrúar atvinnulífsins gera grein fyrir óskum atvinnulífsins varðandi menntun starfsfólks og hvernig best megi mæta þeim. Loks verður sagt frá ábendingum OECD um hvað best hefur gefist í starfsmenntun um víða veröld.

Nánari upplýsingar á [www.idnu.is](http://www.idnu.is)

## Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar öðlast D-vottun

**Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar** hefur staðist úttekt á fyrsta þrepi áfangaskiptrar gæðavottunar Samtaka iðnaðarins og hlotið D-vottun.

D-vottun er fyrsti hluti gæðavottunarkerfis SI sem tekið er upp í fjórum áföngum. Í því felst að rekstur fyrirtækis er gerður skilvirkari. Fyrirtækið fer í gegnum stefnumótun þar sem afkoma hvers verks eða vöru er skilgreind. Við þetta eykst framleiðni og fyrirtækin skila meiri hagnaði.

Vélsmiðjan var stofnuð 15. desember 1985 og hóf starfsemi í bílskúrnum að Grenigrund 43 á Akranesi. Í upphafi var lögð áhersla á framleiðslu á reiðtyggjum en síðan bættist við ýmis nýsmíð, handrið, stigar, sperrur og fleira.

## KOSNINGAR

### Óskað eftir tilnefningum til stjórnar SI og fulltrúaráðs SA

Í tengslum við Iðnþing fer að venju fram kosning til stjórnar Samtaka iðnaðarins og valdir eru fulltrúar í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins.

Formaður er kjörinn til árs í senn. Núverandi formaður Helgi Magnússon hefur setið í sex ár og er því ekki lengur kjörgengur, samkvæmt lögum SI.

Að þessu sinni ganga þrír úr stjórn, Bolli Árnason, Sigsteinn P. Grétarsson og Vilborg Einarsdóttir, sem gefa kost á sér til endurkjörs. Þeir sex sem næst eru því að ná kjöri í stjórn, taka sæti í ráðgjafaráði SI skv. 9. grein.

Í fulltrúaráði SA eiga sæti 100 fulltrúar og þar af hefur SI nú 29. Gera má ráð fyrir að fjöldi þeirra verði svipaður að þessu sinni.

Óskað er eftir tilnefningum til allra þessara trúnaðarstarfa og þær þurfa að hafa borist skrifstofu Samtaka iðnaðarins eigi síðar en **13. febrúar**.

## FRAMBOÐ TIL STJÓRNAR

*Haraldur Þór Ólason, framkvæmdastjóri Furu og Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika og gefa kost á sér í formannsembættið.*

*Bolli Árnason, framkvæmdastjóri GT Tækni, Sigsteinn P. Grétarsson, forstjóri Marels og Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors gefa kost á sér til endurkjörs.*

*Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri Hensons og Hilmar V. Pétursson, forstjóri CCP hafa þegar tilkynnt að þeir gefi kost á sér til setu í stjórn Samtakanna.*

*Mínum á að framboðsfrestur rennur út 13. febrúar, sbr. auglýsingu hér að ofan.*

# IÐNÞING 2012

**haldið í Íþrótt- og sýningarhöllinni Laugardal fimmtudaginn 15. mars kl. 13.00**

### Dagskrá:

Ávarp **Helga Magnússonar**, formanns SI

- **Jón Daníelsson**, prófessor London School of Economics
- **Rannveig Rist**, forstjóri Alcan á Íslandi
- **Sigsteinn P. Grétarsson**, forstjóri Marels

**Orri Hauksson** framkvæmdastjóri SI stýrir pallborði

Fundarstjóri: **Guðrún Hafsteinsdóttir**, markaðsstjóri Kjöríss

*Þingið er öllum opið og aðgangur er ókeypis*

**Skráning á [www.si.is](http://www.si.is)**



Samtök iðnaðarins - [www.si.is](http://www.si.is)

## AÐALFUNDUR

**Aðalfundur Samtakanna fer fram að morgni 15. mars kl. 10.00**

**Félagsmönnum er boðið til hádegisverðar að fundi loknum.**

## ÁRSHÓF

**Árshóf SI verður haldið daginn eftir Iðnþing, þ.e. föstudaginn 16. mars á Grand Hótel Reykjavík og hefst kl. 19.30.**

**Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna til Iðnþings og árshófs.**

**Nánari upplýsingar um Iðnþing, kosningar og árshóf verða birtar í næsta tölublaði Íslensks iðnaðar og á vefsetri Samtakanna [www.si.is](http://www.si.is)**



# Hvað segja félagsmenn...

Það er mikil áskorun að reka fyrirtæki í núverandi efnahagsumhverfi. Kreppan hefur staðið yfir í þrjú ár þar sem mikið hefur reynt á stjórnendur. Sem betur fer virðist hagkerfið vera að taka nokkuð við sér en betur má ef duga skal. Engin hefur betri sýn á þessu mál en þeir sem berjast frá degi til dags við rekstur fyrirtækja. Hver er staðan hjá fyrirtækjum núna og hvað þarf helst að gera til að bæta stöðuna?

## Hverjar eru horfurnar í þinni grein á þessu ári og þínu fyrirtæki sérstaklega?

### **Guðmundur F. Sigurjónsson, Kerecis**

Á þessu ári byrjar Kerecis að markaðssetja MariGen í tilraunaskyni. MariGen er meðhöndlunarefni fyrir þrálát sár, nokkurs konar gervihúð en mikill skortur er á gjafahúð í heiminum. Á næstu árum líta dagsins ljós flóknari vörur hjá okkur t.d. til viðgerðar á kviðarholi og æðum. Meðalaldur fer hækkandi víðast hvar í heiminum. Á næstu árum mun því enn aukast eftirspurn eftir gjafahúð og efnum til líffæraviðgerða. Okkur hefur ekki tekist að afla lánsfjár erlendis frá en höfum sem betur fer fundið það á Íslandi.

### **Magnús S. Norðdahl, LS retail**

Horfur eru ágætari hvað varðar sölu á hugbúnaði erlendis. Hins vegar er mjög erfitt að fá hæft fólk til starfa þar sem mikill fjöldi fólks hefur flust til útlanda þar sem kaup og kjör eru miklu betri en hér á landi. Einnig er af sömu ástæðum mjög erfitt að laða að erlenda starfsmenn til vinnu á Íslandi.

### **Sveinn Hannesson, Gámaþjónustan**

Magn úrgangs frá atvinnurekstri er áreiðanlega nokkuð góður mælikvarði á umsvif í landinu. Það, sem hefur einkennt þróunina á þessum vettvangi eftir hrun, er að flokkun og endurvinnsla hafa aukist ár frá ári þó að heildarmagn úrgangs hafi minnkað stórlega fyrst í stað eftir hrun en síðan staðið í stað að undanförunu. Ég á ekki von á öðru en að sú þróun haldi áfram þegar efnahagslegur og fjárhagslegur ávinningur fara saman.

### **Daði Friðriksson, Tölvumiðlun**

Horfur í upplýsingatækni á þessu ári eru góðar þar sem mikil nýsköpun er í greininni og vöxtur undanfarið misseri. Upplýsingatækniyfyrirtæki búa þó við þann vanda að skortur er á starfsfólki sem gæti leitt til hægar vaxtar en ella. Hvað

Tölvumiðlun varðar eru horfur góðar, verkefnastaðan góð og nýgerður samstarfssamningur við Microsoft gefur fyrirheit um enn frekari vöxt.

### **Jóhannes Felixson, Hjá Jóa Fel**

Horfurnar eru nokkuð góðar. Síðastliðið ár kom þó nokkuð vel út og er hagnaður af fyrirtækinu. Sú þróun er ánægjuleg ef tekið er mið af því umhverfi sem við nú búum við. Ætlunin er að fjölga verslunum en það krefst fleira starfsfólks sem er af hinu góða. Íslenskur iðnaður er í sókn og leggja þarf mikla áherslu á að sú sókn fjari ekki út.

### **Halldór Einarsson, Henson ehf.**

Horfur eru góðar í fataframleiðslu fyrir þau fyrirtæki sem eru enn starfandi hér á landi. Ágætis vöxtur og viðgangur er t.d. í ullariðnaði og fjölgun ferðamanna styður það. Rekstur Hensons gengur vel. Fyrirtækið hefur lagt í mikla skipulagsvinnu og leitast við að betrubæta reksturinn alls staðar þar sem hægt er.

### **Brynjar Haraldsson, Frostverk og formaður Málmis**

Ástand og horfur í málmíðnaði eru að því leyti góðar að viðhaldsvinna fyrir stóriðju og annan iðnað í landinu er í góðu jafnvægi. Slík vinna fyrir sjávarútveginn er mjög háð ákvörðunum stjórnvalda og dráttur á ákvörðunum um framtíð þeirrar greinar getur því haft alvarlegar afleiðingar fyrir land og þjóð. Framtíð iðnaðar í landinu fer að velja á því hvort lagt verður í alvöru verkefni á næstunni.

### **Sverrir Brynjólfsson, Svansprenti**

Verkefnastaðan er mun betri nú en í fyrra. Við finnum fyrir mun jákvæðara viðmóti viðskiptavina. Sama viðhorf er hjá mörgum kollegum í greininni. Vöxtur í ferðamannþjónustu skiptir prentiðnað miklu máli.

### **Andrés Sigurðsson, Loftorka R**

Í jarðvinnu ríkir nú mikil óvissa. Ríki og sveitarfélög eru ekki beinlínis í framkvæmdahug og stóriðjuframkvæmdir ekki eftar á óskalista stjórnvalda.

### **Þorsteinn V. Sigurðsson, Málarameistarafélagið**

Horfurnar eru svipaðar og verið hefur, alger óvissa. Ef ég á að vera sanngjarn má segja að horfurnar séu örlítið að vænkast en engin verkefni eru þó enn í hendi.

### **Stefán Jónsson, Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi**

Horfur eru óljósar til langs tíma lítið. Verkaefnastaðan hjá mér er ágæt fram í apríl-maí. Mig vantar reyndar lærða málara til að sinna verkefnum á minni könnu en þeir liggja ekki á lausu á Norðurlandi. Fyrirtæki og almenningur hafa verið dugleg að sinna viðhaldsverkefnum og það hefur lengi haldið okkur á floti. Það jákvæða á Norðurlandi er að nýjar íbúðir seljast um leið og þær eru tilbúnar.

### **Magnús Stefánsson, Meistarafélag húsasmiða**

Horfurnar eru mjög óljósar. Ekki er hægt að sjá nema nokkrar vikur fram í tímann. Erfitt er að fjármagna reksturinn vegna þess hve illa gengur að innheimta úti-standandi skuldir. Ef ástandið lagast ekki verður erfitt að reka fyrirtæki á Íslandi. Ekki eru neinar nýframkvæmdir fyrir-sjáanlegar.

### **Lárus A. Jónsson, Rafþjónustan**

Bransinn virðist vera að lifna við og sér fram á verkefni fram í júní, júlí. Það er ótrúlegt hvað framkvæmdir við Straumsvík og hjá Fjarðaál hafa jákvæð áhrif. Fleiri fastakúnnar eru að taka við sér og útboðum af minna taginu fjölga. Ég var að ráða rafvirkja, þyrfti fleiri en þeir finnast ekki.





### **Baldur Steinarsson, Rafmiðlun**

Starfsemin á þessu ári hefur farið rólega af stað en lofar góðu. Við erum með verkefni í Búðarhálsi, Straumsvík og á

Grænlandi. Verkefnum fyrir Ísal lýkur á næsta ári en þá spyrja menn hvað taki við. Dulið atvinnuleysi er mikið því að margir vinna frá fjölskyldum sínum í

Noregi. Það þarf að skapa verkefni hér heima áður en þeir kalla fjölskylduna til sín. Ef svo fer eru þeir farnir fyrir fullt og allt.

## **Hverju þarf helst að breyta hér á landi til að bæta stöðuna?**

### **Svana Helen Björnsdóttir, Stiki**

Menntakerfið hér á landi þarf að slá taktinn með atvinnulífínu. Ekki hefur tekist nægilega vel að kveikja áhuga ungs námsfólks á tæknigreinum og raunvísindum. Sú staða hamlar nýsköpun og vexti hátækni- og sprotafyrirtækja. Menntakerfið þarf að taka upp kennslu í raunvísindum strax í fyrstu bekkjum grunnskóla með fjölbreyttum og skemmtilegum verklegum verkefnum. Þá er ekki síður mikilvægt að menntastofnanir, ekki síst háskólar, hafi nán tengsl við fyrirtæki og atvinnulíf.

### **Guðmundur F. Sigurjónsson, Kerecis**

Það er mikilvægt afnema gjalddeyrishöftin og koma á stöðugum gjaldmiðli og þar með lækka vaxtastig fyrir fyrirtæki og fjölskyldur í landinu. Gera þarf Ísland að aðgengilegum kosti fyrir erlenda fjárfesta.

### **Magnús S. Norðdahl, LS retail**

Skattaumhverfið þarf að vera einfaldara og stöðugt. Það er nánast ekki hægt að reka fyrirtæki hér á landi því að gera má ráð fyrir að stjórnvöld breyti sköttum á hverju einasta ári. Hluthafar og eigendur útflutningsfyrirtækja eru allir að kynna sér hvort og hvernig hægt sé að flytja starfsemina úr landi í stöðugra skattaumhverfi.

### **Guðni Ágústsson, Samtök afurðastöðva í Mjólkuriðnaði**

Mikilvægast er að efnahagur heimilanna vænkist á nýju ári. Hér þarf að auka hagvöxt og hleypa þrótti í atvinnulífið. Við viljum sjá framtakið dafna. Aðildarviðræðurnar við ESB ógna umhverfi landbúnaðarins og skapa óvissu. Við teljum hagfellt, bæði fyrir Ísland og ESB að fresta viðræðunum miðað við ástandið í ESB en ekki síst vegna óvissu varðandi evruna. Ennfremur sundra aðildarviðræður þjóðinni. Verkefnin eiga að snúast um að byggja upp og skapa eftir hrúnið. Einn þjóðarvilji er mikilvægur við núverandi aðstæður.

### **Daði Friðriksson, Tölvumiðlun**

Til að tryggja vaxtarskilyrði upplýsingatæknifyrirtækja hérlendis þarf að tryggja betur en nú er gert aðgengi að sérhæfðu og menntuðu starfsfólki, stuðla að breyttri verkaskiptingu milli opinberra aðila og fyrirtækja í upplýsingatækni auk þess að örva fjárfestingar í greininni t.d. með eflingu Tækniþróunarsjóðs og koma á skattfrádrætti vegna hlutafjárkaupa í nýsköpunarfyrirtækjum.

### **Jóhannes Felixson, Hjá Jóa Fel**

Skapa þarf stöðugleika í efnahagskerfinu til að hægt sé að gera áætlanir fram í tímann. Ljúka þarf sem allra fyrst útreikningum á fjárfestingalánum sem mörg fyrirtæki hafa tekið svo að hægt sé að byrja að fjárfesta aftur í nýjum tækjum og tólum. Óstöðugleiki gengis og háir vextir gera fyrirtækjum erfitt fyrir. Lækka þarf tryggingagjaldið sem allra fyrst. Skattar og önnur gjöld, sem lögð eru á fyrirtæki með beinum og óbeinum hætti er ekki hægt að búa við í dag og gerir öllum erfitt fyrir.

### **Perla Björk Egilsdóttir, SagaMedica**

Frumskilyrði fyrir allan rekstur og áætlanagerð er að óvissa sé í lágmarki. Því er mikilvægt fyrir atvinnulífið í heild sinni að eyða óvissu vegna stjórnvaldsákvæðana um mikilvæga ytri þætti og tryggja efnahagslegan stöðugleika í rekstrarumhverfinu. Atvinnulífið má svo gjarna örva enn frekar með skattaávilnunum eins og gert var með endurgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði nýsköpunarfyrirtækja.

### **Brynjar Haraldsson, Frostverk og formaður Málms**

Eitt er víst að stjórnvöld og fólk í landinu verður að átta sig á hver er uppruni fjármagns og þar af leiðandi velmegunar í landinu.

### **Sverrir Brynjólfsson, Svansprent**

Það þarf að styrkja krónuna og finna flöt á því hvert stefnir í þessum gjalddeyris-

málum og ljúka aðildarviðræðum við ESB.

### **Eyjólfur Eyjólfsson, AXIS**

Tiltekt eftir hamfarirnar er ekki lokið. Gamlir draugar fortíðar eru enn á sveimi á markaðnum í ósanngjarni samkeppni.

### **Stefán Jóhannesson, Þekking**

Það er margt sem þarf að breytast hér á landi. Atvinnuleysið er okkar verstí draugur um þessar mundir og við því þarf að bregðast. Á sama tíma vantar okkur fólk inn í tæknifyrirtækin. Því miður virðist sem of fáir leggi fyrir sig tæknináám, tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegar greinar.

### **Þorsteinn V. Sigurðsson, Málarameistarafélagið**

Stærri framkvæmdir þurfa að fara í gang, smærri framkvæmdir fylgja með. Það þarf að koma hjólum atvinnulífsins til að snúast.

### **Stefán Jónsson, Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi**

Þenslan kom aldrei norður og af þeim sökum urðu afleiðingar hrunsins ekki eins alvarlegar og víða annars staðar á landinu. Bæta þarf starfsumhverfi fyrirtækja.

### **Magnús Stefánsson, Meistarafélag húsasmiða**

Það þarf að skapa atvinnu með því að ráðast í arðbærar framkvæmdir. Stjórnvöld verða að taka ákvarðanir um verklegar framkvæmdir.

### **Jóhann Kristján Einarsson, Rafmenn Akureyri**

Það er mikilvægt að skapa fyrirtækjum rekstrarlegt umhverfi. Endurtekin hækkun á eldsneyti og há flutningsgjöld skapa mikið misvægi, sérstaklega á landsbyggðinni.



## Aurum hlaut Njarðarskjöldinn

**Njarðarskjöldurinn**, var veittur í sextánda sinn í Ráðhúsi Reykjavíkur 12. janúar. Verslunin Aurum hlaut skjöldinn en eigandi hennar og aðalhönnuður er Guðbjörg Ingvarsdóttir gullsmiður. Markmið verðlaunanna er að hvetja til bættrar og aukinnar verslunarþjónustu við ferðamenn í Reykjavík.

Samtök iðnaðarins óska Guðbjörgu til hamingju.



## Ný gæðavottun á framleiðslu Krumma ehf.

**Leiktækjafyrirtækið Krumma ehf.** hefur

fengið nýja gæðavottun á framleiðsluvörur sínar, svonefnda GS vottun. Allt frá því evrópski leiktækjastaðallinn EN1176, sem fjallar um öryggi leiktækja, var innleiddur á Íslandi með reglugerð, hafa framleiðsluvörur Krumma verið vottaðar í samræmi við hann af DTI vottunarstofunni í Danmörku. Fyrir tveimur árum hóf fyrirtækið gagngera endurskoðun á vottunum þess og tók í kjölfarið ákvörðun um að sækja um GS vottun hjá TÜV vottunarstofunni í Þýskalandi. Sú vottun tryggir að vörur merktar GS innihaldi ekki ofnæmis- og krabbameinsvaldandi efni sem bera samheitið PAH. TÜV vottunarstofan mun einnig votta vörur Krumma varðandi öryggisstaðalinn EN1176 ásamt DTI í Danmörku.

Krumma hefur í aldarfjórðung sérhæft sig í framleiðslu leiktækja og umhverfisvara. Markmið Krumma er að skapa skemmtilegt og öruggt umhverfi fyrir börn með framleiðslu á vörum sem tryggja öryggi og velferð barna.



## Kaka ársins kynnt í bakaríum 3.-5. febrúar

**Kaka ársins** kemur í bakarí fyrstu helgina í febrúar. Efnt var til keppni meðal félagsmanna í Landssambandi bakarameistara og starfsmanna þeirra um köku sem verðskuldar þennan eftirsóttá titil. Átján kökur bárust í keppnina að þessu sinni sem er metþátttaka. Keppnin var haldin í samstarfi við sælgætisgerðina Freyju og inniheldur kakan m.a. Freyju karamellu. Að venju er mikið í kökuna lagt, hún er samsett úr mörgum gómsætum lögum og hjúpuð með karamellu- og súkkulaðihjúp. Höfundur hennar er Stefán Hrafn Sigfússon starfsmaður í Mosfellsbakarí.

Dómarar í keppninni voru Þóra Ólafsdóttir, Samtökum iðnaðarins, Olga Sigurðardóttir, Freyju og Ásgeir Þór Tómasson, deildarstjóri bakaradeildar Hótel- og matvælasólans.

Sala á kökunni hefst fyrstu helgina í febrúar í bakaríum félagsmanna LABAK um allt land og verður til sölu það sem eftir er ársins.



Veljum íslenskt  
– okkar hagur!

Samtök iðnaðarins - [www.si.is](http://www.si.is)





## Ýmsar breytingar á sköttum og gjöldum

### Staðgreiðsla skatta verður í þrem þrepum:

Af fyrstu 230.000	kr. 37,34%
Af næstu 474.367	kr. 40,24%
Af fjárhæð umfram 704.367	kr. 46,24%
Persónuafsláttur verður	kr. 46.532 á mánuði.

### Frádráttur iðgjalda í lífeyrissjóð

Í sameignarsjóð eru áfram 4% af launum frádráttarbær frá skattstofni launþega. Í séreignarsjóð eru 2% af launum frádráttarbær frá skattstofni launþega. Hafi launþegi nýtt sé eldri heimild, allt að 4%, ber launagreiðanda að lækka hlutfallið í 2% nema launþegi óski sérstaklega eftir því að hlutfall iðgjalds verði hærra.

### Tryggingagjald verður 7,79%.

### Auðlegðarskattur verður nú í tveimur þrepum:

Eignir einstaklinga umfram 75 m.kr. til og með 150 m.kr.	1,5%
Eignir einstaklinga umfram 150 m.kr.	2,0%
Eignir hjóna umfram 100 m.kr. til og með 200 m.kr.	1,5%
Eignir hjóna umfram 200 m.kr.	2,0%
Kolefnisgjald á fljótandi eldsneyti hækkar um rúm 30% auk þess sem gjaldið nær nú einnig til steinolú.	
Vörugjöld á bensín og dísilolú hækka um	2,5%.
Kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum hækkar um	5,1%.
Bifreiðagjöld hækka um	5,1%.
Áfengis- og tóbaksgjöld hækka um	5,1%.
Útvarpsgjald hækkar um 5,1% í 18.800.	

## Íbúðir í byggingu innan við áætlaða ársþörf

Samtök iðnaðarins stóðu nýverið fyrir talningu íbúða í byggingu á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaðan er að íbúðir sem eru fohheldar eða lengra komnar eru 1175 talsins og hafin er bygging á 244 íbúðum til viðbótar. Samtals eru þetta því 1419 íbúðir. Talið er að árlega þurfi um 1500 nýjar íbúðir inn á markaðinn og eru íbúðir í byggingu því innan við áætlaða ársþörf. Þá þarf að hafa í huga að byggingartími íbúðar í fjölbýli er 18-24 mánuðir þannig að ljóst er að íbúðir í byggingu eru langt frá því að fullnægja þörf markaðarins.

Íbúðir voru einnig taldar í mars 2011 og þá var sambærileg tala 1648. Þó fækkun frá vori til hausts sé einungis 229 íbúðir er mikil breyting á byggingarstigi einstakra eigna og talsvert verið að vinna í ófullgerðum í ófullgerðum mannvirkjum.

### Fokhelt og lengra komið - byggingarstig 4-7

Íbúðir í fjölbýli	837
Rað- og parhús	234
Einbýli	104
<b>Samtals</b>	<b>1175</b>

### Sökklar og að foheldu - byggingarstig 2 og 3

Íbúðir í fjölbýli	213
Rað- og parhús	17
Einbýli	14
Samtals	244

**Heildarfjöldi íbúða 1419**

## Tómas Már forstjóri Alcoa í Evrópu

**Tómas Már Sigurðsson**, tók við stöðu forstjóra Alcoa í Evrópu og álframleiðsluviðs Alcoa í Evrópu 1. janúar. Hann tók við stöðunni af Marcos Ramos sem var ráðinn forstjóri álframleiðsluviðs í Suður Ameríku.

Janne Sigurðsson, framkvæmdastjóri framleiðslu Alcoa Fjarðaáls, var ráðin forstjóri Fjarðaáls og Magnús Þór Ásmundsson, framkvæmdastjóri framleiðsluþróunar og skautsmiðju hjá Fjarðaáli, tók við starfi forstjóra Alcoa á Íslandi.

Sem forstjóri Alcoa í Evrópu mun Tómas Már bera ábyrgð á samræmingu aðgerða allra starfsstöðva Alcoa víðsvegar um Evrópu en þær eru tæplega 50 talsins. Tómas Már gegnir einnig hlutverki forstjóra álframleiðsluviðs í Evrópu og ber þar með beina ábyrgð á álverum og súrálsværsmiðjum Alcoa á Íslandi, Ítalíu, Spáni og í Noregi.

Tómas Már tekur við forsvari Evrópusvæðisins með haldgóða reynslu af rekstri fyrirtækis þar sem hann var ábyrgur fyrir gangsetningu og áframhaldandi rekstri álvers Fjarðaáls á Reyðarfirði, sem er nýjasta og stærsta álver Alcoa. Allt frá árinu 2005 hefur hann haft yfirmsjón með byggingu Fjarðaáls, rekstri, mati á umhverfisáhrifum, innkaupum og samskiptum við samfélagið. Undir hans stjórn hefur fyrirtækið náð afburðagóðum árangri á öllum helstu rekstrarsviðum og fest sig í sessi sem mikill drifkraftur í samfélagsmálum á Austurlandi. Tómas Már hefur setið í stjórn Samtaka iðnaðarins frá árinu 2007.



# Nýr starfs- maður SI



Ásbjörn R. Jóhannesson hóf störf hjá Samtökum iðnaðarins um áramótin. Ásbjörn er rafvirki að mennt og starfaði sjálfstætt sem löggiltur rafverktaki um árabíl. Árið 1987 réð hann sig til starfa fyrir SART - Samtök rafverktaka og var framkvæmdastjóri samtakanna frá árinu 1997 allt til síðustu áramóta þegar SART gekk til liðs við SI. Ásbjörn sinnir áfram málefnum rafverktaka og öðrum verkefnum tengdum byggingariðnaði.



## Iðnaðarblaðið komið á vefinn

Iðnaðarblaðið kemur út mánaðarlega og er dreift með Morgunblaðinu. Þar má finna fréttir og umfjallanir tengdar öllum helstu starfsgreinum íslensks iðnaðar. Blaðið er nú að hefja sitt fjórða útgáfuár og í tilefni þess hefur útgefandi blaðsins, Goggur útgáfa, opnað vefsíðuna [www.idnadarbladid.is](http://www.idnadarbladid.is). Þar geta áhugasamir lesið viðtöl, fréttaskýringar og annað efni sem birst hefur í blaðinu, ásamt því að fylgjast með nýjustu fréttum úr íslenskum iðnaði. Ritstjóri blaðsins er Sigurjón M. Egilsson.



## Íslandsmót iðn- og verkgreina og Menntadagur iðnaðarins

Íslandsmót iðn- og verkgreina, Skills Iceland verður haldið dagana 9. – 11. mars í Háskólanum í Reykjavík. Mótið verður sett um leið og Menntadagur iðnaðarins föstudaginn 9. mars.

Menntadagur iðnaðarins er árlegt málþing sem Samtök iðnaðarins halda. Í ár verður sjónum beint að stöðu menntamála út frá aukinni þörf fyrir verk- og tæknimenntun. Dagskrá verður auglýst síðar.

Íslandsmót iðn- og verkgreina er haldið annað hvert ár og markmiðið er

að auka sýnileika iðn- og starfsmenntunar, bæta ímynd iðn- og verkgreina og vekja athygli á tækifærum sem felast í námi og starfi í þessum greinum.

Að Íslandsmótinu stendur Verkið, samtök um keppnir í iðn- og verkgreinum sem stofnuð voru af Bílgreinasambandinu, FBM, Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík, Iðnmennt, MATVÍS, Meistararasambandi byggingarmanna, Rafiðnaðarsambandinu, SAF, Samiðn, Samtökum iðnaðarins, SART og VM.

## Fjöldi námskeiða í boði á vorönn

Nýtt fræðsluár er hafið hjá IÐUNNI fræðslusetri. Fjölbreytt úrval námskeiða eru í boði á öllum okkar fagsviðum auk úrvals almennra námskeiða. Við hvetjum alla til að kynna sér framboðið á heimasíðu okkar [www.idan.is](http://www.idan.is)

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér framboðið á [www.idan.is](http://www.idan.is)



IÐAN  
fræðslusetur  
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík  
Sími 590 6400 - Fax 590 6401  
idan@idan.is - www.idan.is



# Vistvæn nýsköpun á matvælasviði - tækifæri fyrir íslenskan matvælaíðnað

**S**jálfbær nýting auðlinda og minnkun á umhverfisáhrifum við framleiðslu, vinnslu og dreifingu er farin að hafa mikil áhrif á nýsköpun, ekki síst í matvælaíðnaði. Gríðarleg vitundarvakning er að verða um mikilvægi þess að beita faglegri og meðvitaðri hönnun til að ná sem bestum árangri við vöruþróun.

Fimm háskólar settu saman námskeið undir handleiðslu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Matís til þess að þjálfa íslenska háskólanemendur í vistvænum hönnunar- og nýsköpunarferlum með því að hanna vistvæna matar- eða drykkjarvöru og þróa hana frá hugmynd í markaðshæfa vöru. Námskeiðið fer fram í Háskóla Íslands í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Listaháskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum. Markmiðið er að auka upplýsta hönnunar- og umhverfisvitund meðal nemenda og framtíðarstarfskrafta fyrir íslenskt atvinnulíf.

Námskeiðið leiðir saman nemendur frá ólíkum námssviðum og háskólum sem mynda þverfagleg teymi, sem fara í



gegnum alla þætti við að móta vistvæna og hagkvæma vöruhugmynd, þróa fullbúna vöru og koma henni á innlenda og erlenda markaði. Lögð er áhersla á umhverfishæfni vörunnar í gegnum alla virðiskeðjuna ásamt því að huga sérstaklega að hönnun á öllum þróunarstigum. Í

lok námskeiðsins býr hvert teymi að fullbúinni frumgerð sem tilbúin er til markaðssetningar auk viðskipta- og markaðsáætlunum.

Vöurnar, ásamt greinargóðri lýsingu á þróunarferli þeirra, verða síðan lagðar fyrir dómnefnd sem mun dæma þær út frá öllum ofangreindum þáttum undir merkjum keppinnar EcoTrophelia Iceland.

**Vöurnar, ásamt lýsingum, verða til sýnis á Hönnunarmars 24. mars í nýjum húsakynnum Listaháskóla Íslands við Einholt.**

Íslenskir matvælaframleiðendur eru hvattir til að kynna sér vöruhugmyndirnar og hugmyndafræðina á bak við þær. Vonast er til að sem flestar þeirra komist í framleiðslu og fái góðar móttökur á markaði. Varan sem sigrar tekur þátt í Evrópukeppninni EcoTrophelia Europe í París í október þar sem samþærilegar nýsköpunarhugmyndir frá ýmsum löndum í Evrópu keppa sín á milli.




*Ekki möguleiki á umhverfismengun*  
Yfirlýsing frá Orf líftækni

**V**egna fréttu af tjóni sem varð hjá Barra á Egilstöðum í ofsaveðri um miðjan janúarmánuð, þegar plötur fuku af gróðurhúsi þar sem ORF Líftækni hefur ræktað erfðabreytt bygg, sendi fyrirtækið frá sér yfirlýsingu um að þó svo ólíklega hefði viljað til að bygg hefði borist út úr húsinu við óhappið, hefði engin hættu verið á ferðum. Í yfirlýsingunni harmar ORF Líftækni að umfjöllun um málið hafi verið sett fram á þann hátt að skilja megi að einhver möguleiki hafi verið á mengun umhverfisins.

Bygg getur ekki vaxið villt hér landi. Það vex aðeins við albestu aðstæður sem skapaðar eru sérstaklega fyrir það á akri. Auk þess getur bygg ekki æxlast við neina íslenska plöntu við náttúrulegar aðstæður. Umfangsmiklar rannsóknir vísindamanna við Landbúnaðarháskóla Íslands hafa sýnt fram á líffræðilega einangrun byggs á Íslandi. Það er þess vegna fjarstæðukennt að halda því fram að tjónið sem varð á gróðurhúsi Barra hefði á einhvern hátt getað valdið umhverfismengun eða heilsufarsáhættu segir í tilkynningu.

ORF Líftækni hefur ræktað bygg í gróðurhúsi Barra á Egilstöðum samkvæmt samkomulagi á milli fyrirtækjanna frá árinu 2011. Ræktunin í gróðurhúsi Barra er mikilvægur liður í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins á sjálfbærum grænum iðnaði á Íslandi. Starfsleyfi ORF Líftækni fyrir ræktun í gróðurhúsi Barra var veitt samkvæmt íslenskum lögum og reglum eftir vandaða málsmeðferð Umhverfisstofnunar, og var m.a. byggt á áliti sérfræðinga í Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur.





bhs.is  
bifrost.is  
fa.is  
fb.is

fg.is  
fiv.is  
fnv.is  
frae.is  
fsh.is  
fss.is  
fsu.is

fva.is  
hi.is  
hr.is  
idan.is  
idnskolinn.is  
klak.is  
misa.is  
mk.is  
simey.is  
tskoli.is  
unak.is  
va.is

# 2015 tækifæri

Iðnaðurinn árið 2015 óskar eftir vel menntuðu fólki til starfa.

Á næstu árum verða vaxtarsprotar íslensks atvinnulífs í áliðnaði, byggingariðnaði, listiðnaði, líftækni, matvælaíðnaði, málm- og véltækni, prentiðnaði og upplýsingatækni.

Nám í verkmenntaskólum, háskólum og öðrum menntastofnunum er skynsamleg leið til að búa sig undir fjölbreytt tækifæri.

*Mótum eigin framtíð – Núna er rétti tíminn!*

